

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

NÍÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM HRINGVEG UM HÖRGSÁ Á SÍÐU Í VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar lagningu nýs vegarkafla á Hringvegi, Þjóðvegi númer 1, um Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili: Vegagerðin.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Nýr 1,8 km langur vegur ásamt brú um Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu. Nýr vegarkafla mun liggja sunnan við núverandi veg, frá ásnun neðan Keldunúps vestan Hörgsár og að útihúsum Múlakots austan ár.

Markmið framkvæmdar: Að bæta vegferil og auka umferðaröryggi um Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu.

Frumathugun: Þann 20. desember 1999 tilkynnti Vegagerðin framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 29. desember 1999 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Vitanum. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 29. desember 1999 til 2. febrúar 2000 á skrifstofu Skaftárhrepps, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Tvær athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar Skaftárhrepps, Náttúruverndar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og veiðimálastjóra. Framkvæmdin var kynnt Ferðamálaráði, Landssíma Íslands hf, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, RARIK og Þjóðminjasafni Íslands.

Gögn lögð fram við frumathugun:

Frummatsskýrsla: Hringvegur um Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu. Mat á umhverfisáhrifum. Frummat. Hnit hf. verkfræðistofa, desember 1999.

Önnur gögn:

Svör framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemdum dags. 2., 11. og 16. febrúar 2000.

Fylgiskjöl með svörum framkvæmdaraðila:

Helgi Jóhannesson. Um lengd brúar yfir Hörgsá á Síðu, dags. 27. september 1998.

Helgi Jóhannesson. Hringvegur um Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellsýslu. Um rofvarn Hörgsár, dags. 15. febrúar 2000.

Sveinn Runólfsson. Umsögn um tillögu Vegagerðarinnar varðandi rofvarnir, dags. 10. febrúar 1990.

Þjóðminjasafn Íslands. Svar við athugasemd Fornleifastofnunar Íslands vegna Hringvegar um Hörgsá á Síðu, dags. 10. febrúar 2000.

2. UMSAGNIR

Umsagnir bárust frá:

Skaftárhreppi með bréfi dags. 20. janúar 2000.

Ferðamálaráði með bréfi dags. 26. janúar 2000.

Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 20. janúar 2000.

Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 20. janúar 2000.

RARIK með bréfi dags. 19. janúar 2000.

Veiðimálastjóra með bréfi dags. 4. janúar 2000.

3. ATHUGASEMDIR

Tvær athugasemdir bárust á kynningartíma frá:

Landeigendum og ábúendum Hörgslands 2 með bréfi dags. 30. janúar 2000.

Fornleifastofnunar Íslands með bréfi dags. 2. febrúar 2000.

4. UMHVERFISÁHRIF HRINGVEGAR UM HÖRGSÁ Á SÍÐU Í VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í frummatsskýrslu er kynnt lagning 1,8 km langs vegar um Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu og bygging tvíbreiðrar brúar yfir Hörgsá. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist fyrri hluta ársins 2000 og ljúki á 6 - 8 mánuðum.

4.1.1 Lega vegar

Í frummatsskýrslu eru kynntir fjórir kostir á legu vegar um Hörgsá á Síðu og er leið 3 valkostur framkvæmdaraðila. Samkvæmt leið 3 mun nýr vegur liggja rétt sunnan núverandi vegar, frá ásnum neðan Keldunúps vestan Hörgsár og að útihúsum Múlakots austan ár. Vegurinn mun liggja um land Keldunúps, Hörgslands og Múlakots. Veglína styttist um 40 m, mesti langhalli vegar verður 4% og hönnunarhraði 90 km/klst. Ný tvíbreið brú yfir Hörgsá mun liggja um 350 m neðan við núverandi brú.

4.1.2 Efnistaka

Samkvæmt frummatsskýrslu er áætlað að um 35.000 m³ efnis verði teknir úr námum A og B á Hörgsáreyrum af 17.000 m² svæði og um 4.600 m³ efnis úr skeringum. Áætlað er að taka um 500 m³ af klöpp í rofvarnefni úr námu í jaðri Brunahrauns við Fossála í landi Foss á Síðu.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að grjót í rofvarnir verður sótt í Rauðabergshraun og fallið frá allri áður fyrirhugaðri vinnslu úr Brunahrauni við Fossála. Gerð verður rofvörn á um 350 m kafla á vestur- og suðurbakka Hörgsár neðan brúar. Í þá rofvörn þarf um 1.400 m³ af grjóti.

4.1.3 Aðrir kostir

Leið 1, núverandi vegur endurbættur, er ekki talin ásættanleg þar sem erfitt er að uppfylla gildi vegstaðals fyrir 90 km hönnunarhraða.

Leið 2 liggur að mestu eftir núverandi vegi en ný brú yfir Hörgsá yrði staðsett 30 m sunnan við núverandi brúarstæði. Veglínán uppfyllir hönnunarforsendur varðandi vegferil en vegtæknilega er ekki æskilegt að saman komi röð beygja og mikill langhalli eins og er á þessari leið. Veglína styttist um 28 m. Skeringar yrðu um 1.200 m³ og heildarefnisþörf um 21.000 m³. Samkvæmt frummatsskýrslu hafa leiðir 1 og 2 minnsta röskun í för með sér og lítil sem engin neikvæð áhrif á gróðurfar og fuglalíf.

Leið 4 liggur talsvert sunnar en núverandi vegur og yrði brú yfir Hörgsá u.þ.b. 1 km neðan við núverandi brú. Farið er út af núverandi vegi rétt austan við Breiðbalakast og niður að Prestbakkalínu. Þaðan sveigir vegurinn til austurs milli klapparhóla og yfir mýrarjaðar vestur af Hörgsá. Austan Hörgsár sveigir vegurinn til norðurs og kemur inn á núverandi veg á sama stað og leið 3. Veglína lengist um 440 m. Um 1.500 m³ af grjóti þyrfti í rofvörn. Skeringar yrðu um 14.200 m³ og heildarefnisþörf um 54.000 m³.

4.2 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

Samkvæmt frummatsskýrslu er núverandi vegur burðarlítill, með kröppum beygjum og blindhæð. Núverandi vegstæði er talið snjóþyngra en fyrirhugað vegstæði. Nýr vegur með betri vegferil og nýja tvíbreiða brú um Hörgsá muni auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á svæðinu.

Vegurinn gegnir mikilvægu hlutverki fyrir landflutninga og sem ferðamannaleið auk þess að vera tenging bæja á Síðu við Kirkjubæjarklaustur.

4.2.1 Val á brúarstæði og framtíðarlega Hringvegur

Samkvæmt frummatsskýrslu uppfyllir vegurinn frá Keldunúpi að Fossálum ekki vegstaðal Vegagerðarinnar og því er þörf á breytingum á þeirri leið á næstu árum. Hugmyndir eru uppi um að færa veginn frá Keldunúpi að Fossálum niður fyrir túnin á Síðunni. Með vali á leið 3 er verið að velja brúarstæði til framtíðar á svæðinu sem heldur opnum möguleikanum á færslu þjóðveggarins suður fyrir túnin á Síðunni. Jafnframt kemur fram að val á brúarstæði yfir Hörgsá sé stefnumarkandi fyrir legu vegar á svæðinu.

Náttúruvernd ríkisins telur ljóst að með vali á vegstæði samkvæmt leið 3 sé í raun verið að taka afstöðu til framtíðarlegu vegarins frá Skaftá við Kirkjubæjarklaustur að Fossálum austan við Dverghamra. Þrátt fyrir það komi ekki fram neinar hugmyndir um fyrirhugaða legu hans né fjallað um hvaða umhverfisáhrif færsla á þessum vegkafla gæti haft í för með sér. Ekki sé hægt að fallast á leið 3 fyrr en fyrir liggi nánari upplýsingar um þær hugmyndir sem uppi eru um færslu hringveggarins. Á þessu stigi málsins sé aðeins hægt að fallast á lagningu vegar samkvæmt leið 2.

Landgræðsla ríkisins leggur til að vegtenging frá Keldunúpi að Fossálum verði skoðuð í heild. Framkvæmdaraðila verði gert að útfæra hugmyndir sínar um framhald vegarlagningarinnar allt að Fossálum nánar og skoða umhverfisáhrif þeirra í heild sinni. Verði niðurstaða þeirrar athugunar sú að ekki skuli fara í vegarlagningu neðan túna hafi það að sjálfsögðu áhrif á þá vegagerð sem hér er lögð til.

Í athugasemd landeigenda og ábúenda að Hörgslandi 2 er tillögu framkvæmdaraðila, leið 3, mótmælt en mælt með leið 2. Fyrirhuguð vegarlagning hafi veruleg áhrif á landnýtingu Hörgslands. Verði Hringvegurinn færður suður fyrir tún jarðanna muni enn ein veglína fara yfir lönd jarðanna og árbakkar og svæði austan Hörgsár verði allt undirlagt í vegum. Leið 2 samrýmist betur landnýtingu jarðarinnar í framtíðinni og þjóni betur hagsmunum byggðarinnar á Síðunni. Vakin er athygli á því að skipulags- og umhverfisnefnd Skaftárhrepps leggur til að leið 2 verði fyrir valinu en það komi ekki fram í frummatsskýrslu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemdir við frummat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að hugmyndir um veg neðan túna á Síðu séu ekki mótaðar. Val leiðar yfir Hörgsá hafi verið ákveðin út frá fleiri þáttum og séu aðalástæður leiðarvalsins vegtæknilegs eðlis. Með vali á leið 3 þyrfti ekki síðar að byggja aðra brú yfir Hörgsá. Vegagerð frá Hörgsá að Fossálum sé hvorki á núverandi vegaáætlun né langtímaáætlun til 2010. Ekki séu til frekari áætlanir um vegarlagningu á þessu svæði en kynnt er í matsskýrslu. Það sé skoðun framkvæmdaraðila að lína 3 sé besti kosturinn af þeim 4 sem bornir eru saman.

4.2.2 Hættur

Samkvæmt frummatsskýrslu mun farvegur Hörgsár þrengjast nokkuð við brúarstæðið. Fram kemur að ekki verði mikil flóð í Hörgsá og einungis þurfi að setja rofvörn á fyllinguna í árfarveginum á leið 2 og 3. Meiri rofvörn þurfi fyrir leið 4.

Í athugasemd landeigenda og ábúenda að Hörgslandi 2 er bent á að aðrennslisvæði Hörgsár sé víðáttumikið og í leysingum og rigningatíð verði áin gjarnan vatnsmikil og valdi landbroti. Það geti því orðið hætta á skemmdum á vegi og brú miðað við fyrirhugað vegstæði og þá þrengingu á flóðfarvegi árinna sem fram kemur í skýrslunni.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að rétt sé, sem fram komi í athugasemd, að mikil flóð geti orðið í Hörgsá. Samkvæmt flóðamati¹ er vatnasvið Hörgsár um 45 km² og sé 100 ára flóð í Hörgsá um 121 m³/s. Rennslí Hörgsár hafi ekki verið mælt en fá megi hugmynd um flóð með samanburði við Skógá. Vatnasvið Skógár, ofan brúar, sé talsvert meira en Hörgsár eða um 71 km² og sé 100 ára flóð Skógár um 105 m³/s en brú yfir ána sé 35 m löng. Bent er á að við athuganir framkvæmdaraðila hafi verið rætt við kunnuga heimamenn. Niðurstaða framkvæmdaraðila er sú að 32 m brú sé fullnægjandi.

4.2.3 Raf- og símalínur

Samkvæmt frummatsskýrslu liggur stauralína frá RARIK á svipuðum stað og fyrirhuguð veglína. Færa þarf línu RARIK eða leggja hana í jörð á kafla. Einnig er jarðsímastrengur á svæðinu. Háspennulína í eigu Landsvirkjunar, Prestbakkalína, liggur sunnan við fyrirhugaða leið 3 en leið 4 mun skera hana. Landsvirkjun, RARIK og Landssímanum hafa verið kynntar fyrirhugaðar framkvæmdir.

4.3 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Samkvæmt frummatsskýrslu eru fornminjar um 50 m sunnan við fyrirhugaða veglínu, milli stöðva 1100 og 1200. Ekki verður jarðrask á því svæði og Þjóðminjasafni Íslands verður tilkynnt ef fornleifar finnast við vegarlagninguna.

Fornleifastofnun Íslands bendir á í athugasemd að í frummatsskýrslu sé ekki gerð grein fyrir niðurstöðum heimildakönnunar og ekki sé gerð grein fyrir staðhátum. Af þessum sökum sé ekki hægt að leggja mat á hvort fornleifar gætu verið í hættu við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í svari Þjóðminjasafns Íslands² kemur fram að gerð hafi verið heimildakönnun sem miðaði m.a. að því að staðsetja fornleifar sem ekki væru sýnilegar á yfirborði.

4.4 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

4.4.1 Gróður

Samkvæmt frummatsskýrslu fundust engar sjaldgæfar háplöntutegundir á svæðinu. Leið 3 kemur til með að raska algrönu landi vestan Hörgsár, bæði þurrlendi og votlendi. Vegurinn kemur til með að liggja í jaðri mýrlendis en ekki er talin nauðsyn á

¹ Helgi Jóhannesson. Um lengd brúar yfir Hörgsá á Síðu. 27. september 2000.

² Þjóðminjasafn Íslands. Svar vegna athugasemdar. Fylgiskjal með svarbréfi framkvæmdaraðila. dags. 10. febrúar 2000.

framræstingu meðfram veginum og votlendi verður hlíft eins og kostur er. Leið 3 kemur til með að raska algrónu landi vestan Hörgsár, bæði þurrlandi og votlendi. Sáð verður í vegfláa og skeringar og gengið frá námum í samráði við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins. Náttúrufræðistofnun Íslands¹ bendir á að vandasamt geti verið að leggja veginn svo vel fari niður af hjöllumum og yfir votlendið neðan þeirra. Leið 3 muni að mestu hlífa hjöllumum og skerða votlendið minna en leið 4 og sé því skárri kostur. Bent er á að leiðir 1 og 2 hafi minnsta röskun í för með sér og lítil áhrif á gróðurfar og fuglalíf svæðisins. Náttúrufræðistofnun Íslands leggst gegn því að leggja veg samkvæmt leið 4 og telur að frekari rannsókna sé þörf verði sú leið valin.

Náttúruvernd ríkisins telur að í ljósi fyrirliggjandi gagna sé leið 2 besti valkosturinn út frá náttúruverndarsjónarmiðum enda fylgi vegstæðið að mestu leyti núverandi vegi. Náttúruvernd ríkisins mælir með því að við uppgræðslu vegkanta verði notaðar aðferðir sem stuðla að því að gróður í vegköntum verði sem líkastur gróðri í nágrenninu.

Landgræðsla ríkisins lítur svo á að ekki sé neinn afgerandi munur á beinum áhrifum leiða 1, 2 og 3 á gróður. Hinsvegar hafi verið mikið landbrot við Hörgsá um nokkurt skeið og það geti skert votlendi. Landgræðslan fer fram á að haft verði samráð við stofnunina varðandi tegundaval og val á aðferðum við uppgræðslu vegkanta og náma.

Í athugasemd landeigenda og ábúenda að Hörgslandi 2 er bent á að röskun á grónu landi sé hverfandi verði leið 2 valin. Bent er á varðandi möguleika á að færa þjóðveg suður fyrir tún á Síðu að um mikið votlendissvæði sé að ræða sunnan túna og því óljóst hvort leyfðar verði vegaf framkvæmdir á því svæði.

4.4.2 Dýralíf

Samkvæmt frummatsskýrslu er dýralíf á svæðinu fáskrúðugt. Nokkrar fuglategundir fundust á svæðinu og lax og sjóbirtingur gengur í Hörgsá. Í ánni eru uppeldissvæði seiða og því líklega hrygningarsvæði. Veiðimálastofnun² mælist til þess að efnisnám verði ekki úr ánni, að ekki verði tekið efni svo nærri farvegi að vatn flæði í námusvæðin og að framkvæmdartími verði utan göngu- og hrygningartíma. Ráðgerð efnistaka á eyrum Hörgsár er áætluð nokkuð frá árbökkum og er ekki ástæða til að ætla að vatn úr ánni sjálfri renni í gryfjur en efnistaka verði að hluta neðan grunnvatnsyfirborðs. Rask sem þarf að vera við ána verður utan göngu- og hrygningartíma.

Veiðimálastjóri telur leið 3 heppilegasta við val á leið yfir Hörgsá. Í samræmi við ráðleggingar Veiðimálastofnunar beri að forðast rask við ána á veiði- og hrygningartíma sjóbirtings, þ.e. síðari hluta ársins frá og með 1. júlí.

¹ Fylgiskjal 5 með frummatsskýrslu.

² Fylgiskjal með frummatsskýrslu.

4.5 ÁHRIF Á LANDSLAG OG JARÐMYNDANIR

Í frummatsskýrslu kemur fram að stefnt verði að því að raska landi eins lítið og kostur er og lögð áhersla á það við gerð útboðsgagna. Jarðrask utan helgunarsvæðis vegarins verði ekki heimilt og reynt verði að láta allan frágang samræmast landslagi á svæðinu. Núverandi brú á Hörgsá verður fjarlægð og vegur jafnaður út. Hluti núverandi vegar sem liggur til norðurs með Keldunúpi verður áfram nýttur sem safnvegur að bænum Hörgsdal. Ofanafýtingu verður jafnað yfir námubotn á námusvæðum á Hörgsáreyrum. Gengið verður frá námum að lokinni efnistöku í samráði við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruvernd ríkisins mælir gegn efnistöku úr námu A á eyrum Hörgsár og hvetur þess í stað til að náma B ofar á eyrunum verði nýtt frekar. Í námu A sé hætta á neikvæðum áhrifum á lífríki árinna vegna framkvæmda auk sjónrænna áhrifa vegna nálægðar við þjóðveg. Náttúruvernd ríkisins leggst gegn fyrirhuguðu grjótnámi í hraunjaðri sunnan Fossála. Um sé að ræða grjótnám í nútímahrauni en þau eru landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Grjótnám í Skaftáreldahrauni sé því ekki í samræmi við ákvæði laganna. Auk þess hafi grjótnám á þessum stað mikil sjónræn áhrif, bæði frá þjóðvegi og Dverghömrum, sem eru friðlýst náttúruvætti og fjölsóttur ferðamannastaður. Stofnunin minnir á að samkvæmt nýjum lögum um náttúruvernd skal áður en leyfi er veitt til náms jarðefna liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku. Nauðsynlegt sé að slík áætlun liggi fyrir áður en efnistakan hefst. Náttúruvernd ríkisins fer fram á að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar á Suðurlandi um framkvæmdina og frágang vegna hennar, þ.m.t. efnistöku og frágang efnistökusvæða.

Landgræðsla ríkisins bendir á að skoða þurfi vandlega hvort ekki sé unnt að afla grjóts í rofvörn annars staðar. Mikilvægt sé að ganga vel frá efnisnámu, skeringum og vegköntum til að draga sem mest úr rofi frá þeim sárum er opnuð verða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fallist er á að grjót verði sótt í opna námu í Rauðabergshrauni þar sem fram fer efnisvinnsla vegna framkvæmda á Skeiðarársandi. Fallið er frá allri vinnslu grjóts úr Brunahrauni við Fossála.

Landgræðsla ríkisins bendir á að alvarlegt landbrot hafi verið við Hörgsá og verulegt landbrot sé á vesturbakka árinna. Heimamenn hafi lagt til að færa ána aftur austur í sinn gamla farveg til að koma í veg fyrir frekara landbrot. Verði áin fest í núverandi farvegi við stöð 1500 muni það leiða til áframhaldandi landbrots við vesturbakkann og viðvarandi landbrot verði í sveigjunni á ánni þar suður af.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé hægt að fallast á tillögu Landgræðslunnar um að færa brúna austar vegna þess að um yrði að ræða mikið rask í farvegi árinna. Eðlilegast sé að stemma stigu við landbroti á þessu svæði með því að verja vesturbakka árinna á 150 m löngum kafla neðan við leið 3 og suðurbakka árinna á 150 – 200 m löngum kafla. Framkvæmdaraðili muni greiða allan kostnað við 150 m langa rofvörn vesturbakkans. Bakkavörn vestur- og suðurbakkans verði innifalin í útboði vegar og brúar yfir Hörgsá.

Í bréfi Landgræðslu ríkisins, dags. 10. febrúar 2000, kemur fram að stofnunin er samþykkt ofangreindri tillögu framkvæmdaraðila og fellur frá fyrri tillögu sinni um flutning á brúnni til austurs.

5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Vegagerðin hefur tilkynnt til frumathugunar lagningu 1,8 km vegar, um Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu, ásamt byggingu nýrrar tvíbreiðrar brúar yfir Hörgsá. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta vegferil og auka umferðaröryggi um Hörgsá á Síðu. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist fyrri hluta ársins 2000.

Í frummatsskýrslu eru kynntir fjórir kostir á legu vegar um Hörgsá á Síðu. Leið 1, núverandi vegur endurbættur, er vegtæknilega ekki talin ásættanlegur kostur. Leið 2 liggur að mestu eftir núverandi vegi með nýrri tvíbreiðri brú 30 m neðan við núverandi brúarstæði og er vegtæknilega ásættanlegur kostur. Leiðir 1 og 2 hafa lítil áhrif á lífríki. Leið 3, tillaga framkvæmdaraðila, mun raska grónu landi meira en leið 2 en er vegtæknilega betri kostur. Leið 4 er lengri og krefst meiri efnistöku en aðrir kostir. Hún er vegtæknilega ásættanleg en mun hafa mest áhrif á lífríki svæðisins. Frekari rannsókn á náttúrufari er þörf verði leið 4 fyrir valinu.

Samkvæmt frummatsskýrslu uppfyllir núverandi vegur frá Keldunúpi að Fossálum ekki vegstaðal og eru uppi hugmyndir um að færa Hringveginn niður fyrir túnin á Síðunni. Lagning brúar samkvæmt leið 3 haldi opnum möguleika á að færa Hringveginn. Í umsögnum og athugasemd er gagnrýnt að ekki sé skoðuð heildarlausn á vegarlagningu frá Keldunúpi að Fossálum áður en lagt sé í byggingu nýrrar brúar yfir Hörgsá sem muni hafa áhrif á staðsetningu vegar til framtíðar. Jafnframt er bent á að vegarlagning samkvæmt leið 3 hafi í för með sér meira rask en leið 2.

Skipulagsstjóri ríkisins leggur áherslu á mikilvægi þess að vegagerð sé skoðuð eins heildstætt og kostur er. Æskilegt hefði verið að í frummatsskýrslu væri gerð skýrari grein fyrir áhrifum staðsetningar nýrrar brúar yfir Hörgsá á legu fyrirhugaðs Hringvegur neðan túna á Síðu ásamt lágmarks upplýsingum um náttúrufar á því svæði. Í ljósi þess að lagning vegar frá Hörgsá að Fossálum er hvorki á vegaáætlun 1998 – 2002¹ né á langtímaáætlun í vegagerð 1999 – 2010² og nauðsynlegt er talið að endurbæta brú um Hörgsá, telur skipulagsstjóri ríkisins ekki unnt að krefjast þess að framkvæmdaraðili meti áhrif vegarlagningar á svæðinu í heild.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að ásættanlegt sé að leggja Hringveg um Hörgsá á Síðu samkvæmt leið 2 og 3.

Skipulagsstjóri ríkisins gerir ekki athugasemd við efnistöku úr námu A og B á Hörgsáreyrum. Fallið hefur verið frá fyrirhuguðu grjótnámi úr Brunahrauni við Fossála eins og gert var ráð fyrir í frummatsskýrslu. Í stað þess verður grjót úr opinni námu í Rauðabergshrauni sem er ásættanlegt að mati skipulagsstjóra ríkisins.

Verulegt landbrot á sér stað neðan fyrirhugaðs brúarstæðis og verður rofvörn á samtals um 300 m á vestur- og suðurbakka Hörgsár hluti fyrirhugaðrar framkvæmdar. Vegagerðin mun kosta 150 m grjótvörn á vesturbakka árinna. Samkvæmt lögum nr. 36/1979 er Landgræðslu ríkisins falin umsjá með heftingu landbrots og vörnum gegn ágangi vatna.

Til að vega á móti óæskilegum umhverfisáhrifum er það mat skipulagsstjóra ríkisins að ekki megi raska jarðvegi sunnan vegar á svæði þar sem fundist hafa fornminjar milli stöðva 1100 og 1200. Raski á jarðvegi og gróðri verði haldið í lágmarki og lögð áhersla á það við gerð útboðsgagna. Núverandi brú yfir Hörgsá verði fjarlægð og

¹ Samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 101, 23. júní 1998

² Samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 103, 23. júní 1998

vegur að henni jafnaður út. Jarðrask utan helgunarsvæðis vegarins verður ekki heimilt. Efnisnám verði ekki utan tilgreindra náma og framkvæmdartími við ána verði utan göngu- og hrygningartíma sjóbirtings síðari hluta árs, þ.e. frá 1. júlí. Samráð verði haft við Náttúruvernd ríkisins við frágang vega og náma. Samráð verði haft við Landgræðslu ríkisins og veiðimálastjóra vegna fyrirhugaðra grjótvarna á bökkum Hörgsár.

Samkvæmt 27. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf að sækja um framkvæmdaleyfi til Skaftárhrepps vegna framkvæmdarinnar. Ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdarsvæðinu. Þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna, athugasemda og svara framkvæmdaraðila við þeim er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð lagning vegar, um Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu samkvæmt leið 2 og 3, muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 8. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á fyrirhugaða lagningu vegar, um Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu samkvæmt leið 2 og 3, eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu, með því skilyrði að samráð verði haft við Náttúruvernd ríkisins um tilhögun framkvæmda og frágang vegar og námusvæða að framkvæmdum loknum og Landgræðslu ríkisins og veiðimálastjóra vegna heftingar landbrots á bökkum Hörgsár.

7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. mars 2000.

Reykjavík, 23. febrúar 2000.

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir